




Breyting á Aðalskipulagi Norðurlands 2010-2030  
sbr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Heilbrigðisstofnanir á Húsavík

16. júní 2020




**ATA**

A1418-014-U03

# 1 Inngangur

Til stendur að reisa nýtt hjúkrunarheimili á Húsavík, norðan við dvalarheimilið Hvamm og Heilbrigðisstofnun Þingeyinga. Hönnunarsamkeppni um nýtt hjúkrunarheimili lauk í apríl 2020 og er vinna við gerð deiliskipulags fyrir svæðið hafin. Ásamt nýja hjúkrunarheimilinu er gert ráð fyrir að dvalarheimilið Hvammur, heilsugæslan og annað húsnæði tengt heilbrigðisstarfsemi á svæðinu verði innan marka deiliskipulagsins. Gert er ráð fyrir að mörk deiliskipulagsins verði áþekkt keppnissvæðinu sem afmarkað var í samkeppnislýsingu fyrir hönnunarsamkeppnina, sjá mynd 1 og 2.



Mynd 1: Keppnissvæði og byggingarreitur í hönnunarsamkeppni.



Mynd 2: Keppnissvæði og helstu byggingar

Í Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 er keppnissvæðið skilgreint sem svæði fyrir þjónustustofnanir (P1), íbúðarsvæði 12 og 13 og opið svæði (ónúmerað), eins og mynd 1 sýnir.

Breyting á aðalskipulagi nær til þéttbýlisuppráttar fyrir Húsavík og greinargerðar aðalskipulagsins. Breytingin felur í sér að landnotkunarreitur Þ1 stækkar, reitir Í2 og Í3 minnka og skipulagsákvæði fyrir reit Þ1 breytast.

## 2 Forsendur, umhverfi og staðhættir

Staðsetning fyrir nýtt hjúkrunarheimili var valin með hliðsjón af niðurstöðu frumathugunarskýrslu fyrir nýtt hjúkrunarheimili á Húsavík sem Framkvæmdasýsla Ríkisins vann fyrir Norðurþing árið 2018.<sup>1</sup> Áætlað er að nýtt hjúkrunarheimili verði u.þ.b. 4000 m<sup>2</sup> að stærð með allt að 60 hjúkrunarrýmum. Gert er ráð fyrir að hjúkrunarheimilið verði tengt dvalarheimilinu Hvammi með tengigangi og/eða tengibyggingu.

Lögð verður áhersla á að nýtt hjúkrunarheimili verði í góðum tengslum við aðliggjandi útivistarsvæði og stíganet bæjarins. Ekki er gert ráð fyrir að uppbygging á svæðinu hafi áhrif á trjágróður eða annan gróður á svæðinu. Enginn trjágróður er á keppnissvæðinu en ofar í brekkunni og austan þess er ræktaður skógur og góðir útivistarstígar. Talsverður landhalli er á svæðinu og lóð fyrir nýtt hjúkrunarheimili gæti að einhverju leyti legið hærra í landi en lóð dvalarheimilisins og heilbrigðisstofnunarinnar, sjá mynd 3.



Mynd 3: Í forgrunni er dvalarheimilið Hvammur og heilbrigðisstofnunin í bakgrunni.

### Náttúruvá


Húsavík er staðsett við virkt jarðsprungubelti, Húsavíkurmisgengið. Virk jarðskjálftasprunga liggur rétt norðan við bæinn og svæði meðfram sprungunni er skilgreint sem svæði undir náttúruvá. Ekki er heimilt að reisa varanlegar byggingar innan þess. Keppnissvæði og mörk nýs deiliskipulags ná ekki inn á náttúruvársvæði. Í nóvember 2019 voru grafnir tilraunaskurðir á skipulagssvæðinu og benda niðurstöður þeirra athugana til að ekki séu jarðsprungur innan þess.

### Minjar

Á aðalskipulagsupprætti eru merktar fornminjar, innan svæðis og á jaðri þess. Fornleifastofnun Íslands kortlagði minjar á svæðinu nánar í desember 2019.<sup>2</sup> Á mynd 4 sést afmörkun deiliskráningar fornminja, keppnissvæðið og byggingarreitur.

<sup>1</sup> Framkvæmdasýsla ríkisins, 2018. Nýtt hjúkrunarheimili á Húsavík. Frumathugun. Október 2018.

<sup>2</sup> „Hjúkrunarheimili á Húsavík: deiliskráning vegna ráðagerða um uppbyggingu hjúkrunarheimilis í nágrenni Heilbrigðisstofnunar Húsavíkur.“ Fornleifastofnun Íslands, 2019 (FS776-19491).



**Mynd 4:** Afmörkun keppnissvæðis og byggingarreits úr samkeppnislýsingu bætt ofan á mynd úr skýrslu Fornleifastofnunar.


Í skýrslu Fornleifastofnunar kemur fram að minjarnar sem skráðar voru á skoðunarsvæðinu eru útihús, túngarðar, býli og kálgarðar. Öll yfirborðsummerki um meirihluta minjastaðanna eru horfin. Sá eini þeirra sem er innan samkeppnissvæðisins er hluti túngarðs (SP-313:157\_01) sem liggur frá Skálabrekku, meðfram austurmörkum keppnissvæðisins og upp brekkuna meðfram skógræktarsvæðinu, sjá mynd 4. Þar sem endanleg hönnun hjúkrunarheimilisins liggur ekki fyrir er ekki vitað hvort fyrirhugaðar framkvæmdir á svæðinu komi til með að hafa áhrif á túngarðinn en samkvæmt skýrslu Fornleifastofnunar er túngarðurinn metinn í stórhættu vegna framkvæmda. Finnist minjar eða merki um minjar á framkvæmdatíma skal stöðva framkvæmdir samstundis og tilkynna Minjastofnun um fundinn, sbr. lög um menningarminjar nr. 80/2012.

### **Veitur**

Háspennustrengur liggur innan keppnissvæðis og byggingarreits. Að lokinni samkeppni um hönnun hjúkrunarheimilisins verður ljóst hvort gera þarf ráðstafanir vegna strengsins en gert er ráð fyrir að hann verði færður, í samráði við eiganda, ef þess þarf vegna staðsetningar hjúkrunarheimilisins.

### 3 Breyting á aðalskipulagi

Breyting á Aðalskipulagi Norðurlands 2010-2030 nær til þéttbýlisuppdráttar fyrir Húsavík og greinargerðar aðalskipulagsins.












Aðalskipulag Norðurlands 2010-2030 m.s.br., þéttbýlisuppdráttur fyrir Húsavík í mkv. 1:10.000



Breyting á Aðalskipulagi Norðurlands 2010-20130 í mkv. 1:10.000

#### Skýringar

 Íbúðarsvæði (ÍB)	 Opið svæði til sérstakra nota (OP)	 Reiðleiðir
 Svæði fyrir þjónustustofnanir (P)	 Svæði undir náttúruvá	 Stofn boðveitu
 Miðsvæði (M)	 Gönguleiðir	 Fornleifar

Bygging nýs hjúkrunarheimilis er í samræmi við stefnu aðalskipulags Norðurlands um að svigrúm verði tryggt til að opinberar stofnanir s.s. skólar, heilbrigðisþjónusta, söfn o.þ.h. geti þróast og vaxið samkvæmt þörfum þeirra til langs tíma.

Í aðalskipulagi er lögð áhersla á að gönguleiðir að svæðum fyrir stofnanir verði sem bestar. Meðfram suðurhluta svæðisins liggur aðalgöngustígur / aðalgönguleið samkvæmt aðalskipulagi. Í samræmi við skipulagsákvæði verður tryggt að góðar gönguleiðir verði um svæðið og þær vel tengdar við stígakerfi bæjarins.

#### Reitur P1

Reitur P1 stækkar úr 3,2 ha í 3,5 ha.

Skipulagsákvæði í töflu fyrir reit P1 breytast. Almenn ákvæði um svæði fyrir þjónustustofnanir eru óbreytt.

##### 24.3.7 Svæði fyrir þjónustustofnanir (almenn ákvæði)

Á svæðum fyrir þjónustustofnanir skal fyrst og fremst gera ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, s.s. menntastofnunum, heilbrigðisstofnunum, menningarstofnunum, félagslegum stofnunum, trúarstofnunum, umferðarmiðstöðvum og öðrum þjónustustofnunum ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

Þéttleiki byggðar á þjónustusvæðum skal taka mið á einkennum núverandi svæða og falla vel að þeim. Að öðru leyti vísast í deiliskipulag.

Tafla fyrir breytingu:

Nr. svæðis	Stærð (ha)	Forsendur	Skipulagsákvæði
P1	3,2	Heilbrigðisstofnun Þingeyinga Dvalarheimilið Hvammur og Heilbrigðisstofnun Þingeyinga.	Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar eru heimilar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnanir og tengda starfsemi.

Tafla eftir breytingu:

Nr. svæðis	Stærð (ha)	Forsendur	Skipulagsákvæði
p1	3,5	<b>Heilbrigðisþjónusta</b> Dvalarheimilið Hvammur, Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og Hjúkrunarheimili.	Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar eru heimilar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnanir og tengda starfsemi.

### Reitir Í2 og Í3

Reitur Í2 minnkar um 435 m<sup>2</sup>, úr 1,63 ha í 1,59. Tilgreind stærð reitsins í skilmálatöflu er 1,6 ha og breytist því ekki. Reitur Í3 minnkar um 230 m<sup>2</sup>. Tilgreind stærð reitsins í skilmálatöflu er 1,0 og breytist ekki.

## 4 Umhverfisáhrif

Svæðið sem breytingin nær til er alfarið helgað heilbrigðisþjónustu sem og næsta nágrenni þess en þar er t.a.m. að finna fjölbreytt búsetuúrræði fyrir aldraða. Núverandi hjúkrunarheimili er komið til ára sinna og brýn þörf á úrbótum. Nýtt hjúkrunarheimili mun leysa hið eldra af hólmi og hafa jákvæð áhrif á samfélagið.

Staðsetning nýbyggingarinnar í hlíðinni ofan við Hvamm og Heilbrigðisstofnun Þingeyinga verður áhugavert viðfangsefni fyrir þá hönnuði sem munu taka þátt í samkeppninni. Í samkeppnislýsingu fyrir var m.a. lögð áhersla á og gerð krafa um að nýbygging falli vel að nærumhverfi sínu og vinni vel með landslagi. Gott útsýni er úr hlíðinni yfir nálægar byggingar, út á sjó og til fjalla, og góðar tengingar eru við nálæg útivistarsvæði. Vönduð og metnaðarfull bygging í hlíðinni, sem vinnur vel með aðliggjandi byggð og náttúrulegu landslagi, hefur jákvæð áhrif á heildarsýn svæðisins. Líklega verður gengið á graslendi við uppbyggingu nýja hjúkrunarheimilisins en það er á engan hátt sérstætt eða mikilvægt.

## 5 Málsmeðferð

Lýsing vegna breytingar á aðalskipulagi var kynnt almenningi og umsagnaraðilum í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 6.-29. nóvember 2019. Lýsingin var kynnt á vef sveitarfélagsins og send umsagnaraðilum. Umsagnir bárust frá Veðurstofu Íslands, Vegagerðinni, Skipulagsstofnun, Minjastofnun og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands Eystra en engin þessara umsagna fól í sér athugasemdir við lýsinguna.

Umsagnaraðilar eru:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Vegagerðin
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Minjastofnun Íslands
- Veðurstofa Íslands
- Aðliggjandi sveitarfélög

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi var kynnt á vinnslustigi í mars 2020 og tímafrestur gefinn til að gera athugasemdir við tillöguna. Engar umsagnir eða athugasemdir bárust vegna vinnslutillögunnar.


Tillaga að breytingu var auglýst í samræmi við 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 8. apríl 2020 til og með 22. maí 2020. Tillagan var auglýst með áberandi hætti á vef Norðurlands og var til sýnis á skrifstofu sveitarfélagsins. Umsagnir bárust frá Minjastofnun, Vegagerðinni, Umhverfisstofnun, Veðurstofnunni, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og Þingeyjarsveit. Minjastofnun (bréf dags. 20. maí) minnir á að skráðar fornminjar eru innan breytingarsvæðisins og verður afstaða tekin til mótvægisáðgerða vegna minjanna við afgreiðslu deiliskipulags svæðisins. Aðrir aðilar sem sendu inn umsagnir gerðu ekki athugasemdir við breytingartillöguna. Á fundi sveitarstjórnar Norðurlands 16. júní 2020 var tillagan samþykkt.

## Samþykkt og staðfesting

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var

samþykkt í sveitarstjórn þann 16. júní 2020.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 09. júlí 2020.

  
\_\_\_\_\_

f.h. Norðurlþings

